



Reykjavík, 29.11.2022

Tilv. 202211-0033

Efni:

Umsögn Þjóðminjasafns Íslands um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími)

Breytingar á Safnalögum, nr. 141/2011.

Safnalög sem nú eru í gildi voru smíðuð og lögð fram haustið 2011 og tóku gildi 1. janúar 2013. Þessi lög sköpuðu vatnaskil hvað varðar samráð, eftirlit og miðstýringu fjármuna ríkisins til eflingar safnastarfsemi um allt land og byggðu á eldri lögum sem gengu í gildi árið 2000.

Um þær breytingar á Safnalögum sem liggja í farvatninu, fagnar Þjóðminjasafnið því að taka þátt í samráði við fagfélög og hagaðila á grundvelli samráðsfunda milli ráðherra og ýmissa fulltrúa. Er í þessu samhengi rétt að nefna þá ábyrgð sem höfuðsöfnunum er ætlað að sinna samkvæmt lögum, að vinna að samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði menningarminja hefur þrisvar sinnum gefið út samræmda safnastefnu frá því að lög um höfuðsöfn tóku gildi. Slíkir samráðsfundir myndu án nokkurs vafa nýtast til að ræða þróun safnastarfs og áherslur á hverjum tíma.

Rétt er þó að benda á að nokkuð hefur verið rætt um af hálfu ráðuneytisins við fulltrúa Þjóðminjasafnsins og annarra höfuðsafna að til standi að fara í gagngera endurskoðun á Safnalögum. Vill Þjóðminjasafnið hvetja til þess að endurskoðun á Safnalögum fari fram með heildstæðum hætti.

Breytingar á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011.

Með breytingu á skipunartíma þjóðminjavarðar er verið að færa ráðningartíma til jafns við safnstjóra Listasafns Íslands, höfuðsafns á sviði myndlistar, með svokallað „þak“ á skipunartíma. Þegar lög voru sett um þak á skipunartíma í Listasafni Íslands árið 1988, var breytingin rökstudd þannig að tímabundin ráðning myndi ... *stuðla að frekari fjölbreytni og endurnýjun í starfsháttum og stefnumótun safnsins. Ótímabundin ráðning forstöðumanna stofnana af þessu tagi gæti verið til þess fallin að skapa stöðnun og fullmikinn ósveigjanleika.* Er þessi rökstuðningur einnig notaður nú, í greinargerð með frumvarpinu.



Skipunartími Þjóðminjavarðar er í dag til fimm ára og er því ekki ótímabundinn. Hann er til jafns við meginþorra forstöðumanna sem starfa hjá ríkinu í dag, í samræmi við þær breytingar sem urðu á skipunartíma forstöðumanna, sjá 23.gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Þjóðminjasafn Íslands hvetur til þess að góðs samræmis og jafnræðis gæti í réttindum embættismanna ríkisins, bæði innan stofnana þess og ráðuneyta, og sé í anda Stjórnendastefnu ríkisins sem nýlega var unnin og sett fram fyrsta sinni.

Virðingarfyllst,

Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður